



Fundargerð 273.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudagur 19. október 2022 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Þórunn Sif Harðardóttir, Sverre Jakobsson og Þróstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Fjárhagsáætlun HN 2023, síðari umræða

Fjárhagsáætlun 2023 tekin til síðari umræðu. Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur nemi 1.120 mkr., og rekstrargjöld verði 690.2 mkr án fjármagnsliða. Hagnaður eftir fjármagnsliði og afskriftir er áætlaður 311 mkr. Stjórn HN samþykkir samhljóða fjárhagsáætlun fyrir árið 2023.

2. Framkvæmdaáætlun HN 2023, síðari umræða

Framkvæmdaáætlun HN fyrir árið 2023 tekin til síðari umræðu. Helstu verkefni eru: Torfunefsbyggja niðurrekstur stálþils, flotbyggja í Grímsey, lenging timburbyggju í Sandgerðisbót og bílastæði fyrir rútur. Hlutur HN í verkunum er áætlaður 222 mkr. Stjórn HN samþykkir framlagða tillögu.

3. Gjaldskrá HN 2023.

Gjaldskrá fyrir árið 2023 rædd. Ný gjaldskrá fyrir árið 2023 verður lögð fyrir næsta fund.

4. Niðurstaða rekstrar fyrstu 8 mánuði 2022.

Hafnarstjóri lagði fram bráðabirgða niðurstöðu rekstrar fyrir fyrstu átta mánuði ársins.

5. Starfsmannamál

Afgreiðsla málsins er trúnaðarmál og er færð í sérstaka trúnaðarmálabók.

6. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundargerðin yfirfarin og staðfest.

Fundi var slitið kl. 17.40



Inga Dís Sigurðardóttir formaður

Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður

Axel Grettisson ritari

Ásrún Ýr Gestsdóttir

Jón Þorvaldur Heiðarsson

Þórunn Sif Harðardóttir

Sverre Jakobsson

Þröstur Friðfinnsson

Pétur Ólafsson hafnarstjóri
